

## HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2016, mánudaginn 22. febrúar 2016 kl. 15:30, var haldinn 138. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar á PLH sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var: Stefán Agnar Finnsson.

### Þetta gerðist:

- 1) Umferðaröryggismál í Laugardal. Stefán Agnar Finnsson frá USK svarar fyrirspurnum .

Eftirfarandi bókun samþykkt:

Hverfisráð óskar eftir að vera upplýst um forgangs röðun verkefna árið 2016 er snúa að umferðaröryggismálum í hverfinu.

Framkvæmdastjóra falið að koma bókuninni á framfæri við USK.

- Kl. 16:15 Stefán Agnar vísar af fundi.

- 2) Kirkjusandur 2 Íslandsbanki. Bréf frá USK dags. 25. 01.2016 um breytingu á deiliskipulagi.

- Kl. 16:25 Kristín Elfa tekur sæti á fundinum

Eftirfarandi bókun samþykkt:

Hverfisráð tekur undir bókun USK frá 13.01.2016 um breytingar á deiliskipulaginu en óskar jafnframt eftir því að upplýsingar um innviðaupbyggingu í hverfinu verði líka kynntar hverfisráðinu.

Framkvæmdastjóra falið að koma bókuninni á framfæri við USK.

- 3) Iðkendatölur fyrir árið 2015 hjá Ármanni og Þrótti frá ÍTR, svar Ómars Einarssonar við fyrirspurn á síðasta fundi. Í svarinu kemur fram að um verulega fjölgun iðkenda er að ræða frá árinu 2013 og viðbúið að með þéttingu byggðar muni þeim fjölga enn frekar. Einnig er ljóst að núverandi íþróttastaða við skóla hverfisins er ófullnægjandi.

Hverfisráðið telur mjög brýnt að þegar í stað verði hafin vinna við að meta stöðuna og hvernig eigi að bregðast við fyrirsjáanlegu aðstöðuleysi til íþróttaiðkunar í hverfinu bæði hvað varðar íþróttafélög og skóla.

Framkvæmdastjóra falið að koma þessu á framfæri við SFS og USK.

- 4) Betri hverfi. Erindi dags. 15.02.2016 frá Unni Margrét Arnardóttur verkefnastjóra á skrifstofu borgarstjóra um umsögn hverfisráðs um hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi og um tillögur að framtíðarstefnu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar. Rætt. Formaður tekur að sér að gera drög að svari hverfisráðs.

- 5) Forvarnarsjóður. Framkvæmdastjóri kynnir. Umsóknarfrestur er til 15. mars nk. Ákveðið að leggja fram yfirlit yfir úthlutanir síðasta árs á næsta fundi ráðsins.

- 6) Bréf dags. 15. feb. 2016 um notkun fjarfundabúnaðar lagt fram til kynningar.

- 7) Heilsueflandi hverfi – Reykjavíkurlíkan. Verkefnastjóri kynnir innleiðingu heilsueflingar í hverfinu.

**Fundi slitið kl. 17.30**

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)

Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)

Bjarni Jónsson (Sign)

Elín Engilbertsdóttir (Sign)